

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Borgarbyggð.

Breytingar felast í að reitur undir skólabyggingar stækkar til norðausturs jafnframt því sem byggingarreitum fyrir nýja nemendagarða (Ásgarður, Miðgarður og Útgarður) norðan við kennsluhúsnaði er breytt og vegur sem að þeim liggur færður til og lengdur.

Ofangreindar breytingar hafa fengið meðferð samkvæmt grein 7.2.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið breytingarnar samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 26. nóvember 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.